

# Formaður og svæðis- skipulag í alvarlegum umboðsvanda

Morgunblaðið | 31. ágúst 2020 | Aðsent efni

Eftir Svein Óskar Sigurðsson

**Téður formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á reyndar við annan vanda að etja. Sá vandi snýr að trúverðugleika formannsins.**

Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2018 settist ég í nefnd þá er fer með samræmingarþátt í skipulagsmálum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Þann tíma sem ég hef setið í þessari nefnd fyrir Mosfellsbæ hafa runnið á mig tvær grímur og það þurfti ekki COVID til. Á fyrsta fundi nefndarinnar, sem skipað er tveimur úr hverju sveitarfélagi, þ.e. samtals 14, var kosið í stjórn nefndarinnar þar sem þrír eiga sæti. Að auki voru kjörnir fjórir úr svæðisskipulagsnefndinni sem eiga einnig sæti í framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar ásamt stjórn, þ.e. samtals sjö sem skipa þá framkvæmdarnefnd. Um þetta fyrirkomulag eru í gildi starfsreglur svæðisskipulagsnefndar sem eiga stoð í skipulagslögum sbr. 4. mgr. 9. gr. laganna. Til viðbótar þessu starfar fagråd sem skipulagsstjórar sveitarfélaganna skipa með framkvæmdanefndinni. Formaður svæðisskipulagsnefndar er skv. starfsreglunum formaður framkvæmdanefndarinnar. Hér er því nefnd ofan í nefnd og allt gert til að „auka“ lýðræðið og gæta að góðri stjórnsýslu, ekki satt?

Kjörtímabil sveitarstjórna á landinu er rúmlega hálfnað og þar með talið kjörtímabil svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins. Í starfsreglum svæðisskipulagsnefndarinnar er kveðið svo á um að framkvæmdanefndin, sem stýra á málefnum svæðisskipulagsnefndar milli funda, skuli undirbúa fundi svæðisskipulagsnefndarinnar. Kallað var eftir fundargerðum framkvæmdanefndarinnar og stjórnar. Að sögn svæðisskipulagsstjóra eru fundargerðir þessar ekki til enda engir fundir. Var svæðisskipulagsstjóri inntur eftir því hver legði fram dagskrá og síðar drög að fundargerðum fyrir fundi svæðisskipulagsnefndarinnar. Staðfesti svæðisskipulagsstjórinn að hann ynni það allt einn. Slíkt samræmist ekki starfsreglum.

Eðli máls samkvæmt gerði greinarhöfundur athugasemd við þessi vinnubrögð á fundi svæðisskipulagsnefndar. Svar formanns svæðisskipulagsnefndar og framkvæmdanefndar, þ.e. þeirrar nefndar sem aldrei fundar svo vitað sé, var á þá leið að það hefði nú aldeilis verið gott að fá þessa athugasemd enda gæfi það tilefni til að breyta snöggvast gildandi starfsreglum. Var þá formaðurinn inntur eftir því hvort væri nokkur þörf á breytingum enda ekki séð að farið yrði frekar eftir nýju reglunum en þeim sem í gildi eru í dag. Fátt var um svör og fundi slitið.

Í þessari 14 manna nefnd sem fer með svo mikið vald í skipulagsferli á höfuðborgarsvæðinu er því ekki starfað eftir þeim reglum sem um svæðisskipulagsnefnd þessa gilda. eru afgreiðslur nefndarinnar á kjörtímabilinu undir? Einna undarlegast þótti greinarhöfundur hvernig aðrir nefndarmenn hafa brugðist við. Skiptir litlu hvort um er að ræða Pírata, löglærða Framsóknarmenn, særða og oft fremur úrilla Sjálfstæðismenn eða villuráfandi Viðreisnina. Allir virtust telja að þetta verklag, þar sem ekki var farið að starfsreglum er hafa lagastöð, væri afskaplega eðlilegt. Þessir sömu fulltrúar íbúa höfuðborgarsvæðisins bitu höfuðið af skömminni með bókun þess efnis að þetta væri í lagi og að þeir „treystu“ svæðisskipulagsstjóra. Gengur löggjöfin út á það? Hvað með ábyrgð og skyldur lýðræðislega kjörinna fulltrúa?

Eitthvað sljákkaði í sumum nefndarmanna þegar í ljós kom síðar á fundi nr. 96 þann 23. október sl. að svæðisskipulagsstjórinn hefði sent erindi, í krafti stöðu sinnar, einu ráðuneyti og án umboðs. Á þessum fundi óskaði svæðisskipulagsstjóri eftir því að fundurinn samþykkti þetta erindi hans eftir á. Erindi þetta var umsögn svæðisskipulagsstjórans um reglugerð, umsögn er byggðist á hans eigin pólitísku sýn. Lýðræðið reyndist þar því víðsfjarri. Reglugerðin varðar hlutdeildarlán til almennings. Fyrr má nú rota en dauðrota!

Téður formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á reyndar við annan vanda að etja. Sá vandi snýr að trúverðugleika formannsins. Árið 2017 vann formaðurinn, ásamt tveimur öðrum, samkeppni á vegum Reykjavíkurborgar um hönnun Hekluareitsins ofarlega á Laugavegi. Sá reitur nær raunar lengra, þ.e. upp að Bolholti og upp í Skipholt. Í kynningu á verkefninu var ein helsta forsendan sú að þarna færi um borgarlínan og áform um að stoppistöð yrði sérstaklega færð til af þessu tilefni. Fáeinum mánuðum síðar var einn vinningshafinn kominn í framboð fyrir Pírata, endaði í borgarstjórn þeirri er borgaði fyrir hönnunarsamkeppnina, þar orðinn formaður skipulags- og samgönguráðs höfuðborgar Íslands og skömmu síðar formaður svæðisskipulagsnefndar alls höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir Pírati. Hvað ætli það sé sem verður til þess að þessi geðþekki Pírati sé yfirleitt Pírati og reki svo hastarlega á eftir því að borgarlínan verði að veruleika og tilsvarendi áhætta tekin með skattfé allra landsmanna? Hvað ætli það sé?

*Höfundur er bæjarfulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ og situr í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins (SSH).*